

Fundargerð

25. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2018-2020, haldinn í A-sal Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal, þriðjudaginn 24. september 2019.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fjóla Signý Hannesdóttir, Kári Steinn Karlsson, Gunnar Svavarsson, Eiríkur Mörk Valsson og Íris Berg Bryde verkefnastjóri FRÍ.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Samþykkt rafrænt erindi milli funda, engin.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt. Tilkynnt um aðdraganda að HM í Doha Qatar.

2. Framkvæmdastjórafundur Norðurlandanna

Rætt um fundinn sem haldinn var hér á landi. Sagt frá helstu umræðuatriðum og fyrirkomulagi. Rætt um fjölþrautir og einnig almenna stöðu á þjálfaramálum. Fundurinn gekk vel og fulltrúar Norðurlandanna lýstu ánægju sinni með móttökur og skipulag fundarins af hálfu FRÍ og fannst heimsóknin til Íslands ævintýrleg.

3. Kynferðislegt áreiti og ofbeldi

Rætt um framgang þessa verkefnaflokks hjá ÍSÍ og ÍBR. Mikilvægt að efla og styrkja fagþekkingu innan FRÍ. Ákveðið að fela framkvæmdastjóra og varaformanni að leita til Hafðísar Hinriks- og Helgudóttur m.t.t. fagteymis FRÍ þ.a. FRÍ geti veitt aðildarfélögum faglega þjónustu á sviði áreitis- og ofbeldismála. Áfram verður unnið að víðtæku samstarfi og samræmingu.

4. Mótamál

Rætt um mótamál og mótaskrá. Starfshópur skipaður til að vinna áfram með tillögur um að gera einstaka mót s.s. meistaramótin að stærrri viðburðum.

5. European Masters Athletics Non Stadia

Hvatning hefur borist um að sækja um vegna 2022. Stjórn FRÍ tekur jákvætt í verkefnið og felur framkvæmdastjóra að afla ennfrekari upplýsinga.

6. Aðstöðumál í frjálsum íþróttum

Rætt um stöðuna á Laugardalsvelli og ræddar upplýsingar sem bárust um frjálssíþróttahúsið í Hafnarfirði. Mikilvægt að FRÍ setji fram stefnumörkun og skýri framtíðarsýn.

7. Önnur mál

- a. Rætt um fjölmiðlun FRÍ
- b. Rætt um starfsmannamál
- c. Rætt um Úrvalshóp unglinga

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 17:55 með því að varaformaður sagði frá diskóteki á Dalvík á meistaramóti unglinga fyrir áratug hið minnsta.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.